

STJÓRNARFUNDUR BSÍ

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: Matthías Imsland	Fundur nr. :	5
Fundarritari: Sigurður Páll Steindórsson	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir: Brynjar Níelsson (BN) Dagbjört Hannesdóttir (DH) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Gunnar Björn Helgason (GBH) Hrannar Erlingsson (HE) Matthías Imsland (MI) Sigurður Páll Steindórsson (SPS)	Dagsetning:	10.8.2022
	Frá kl.:	
	Til kl.:	
	Næsti stjórnarfundur: Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Fundargerðin samþykkt óbreytt og sett inn á bridge.is.
2	<u>Landsliðsmál – Opinn flokkur</u> Einar Guðjohnsen hefur ákveðið að styrkja landslið Íslands í opnum flokki með veglegum styrk til næstu fjögurra ára. Stjórnin fagnar þessu framtaki Einars mjög. Jón Baldursson hefur samþykkt að gefa kost á sér sem yfirmaður landsliðsmála í opna flokknum til næstu fjögurra ára. Jón velur 3 pör í landsliðshóp og önnur 3 fyrir æfingahóp. MI verður Jóni innan handar varðandi fjármál landsliðsins. Stjórnin samþykkir skipan Jóns sem yfirmanns landsliðsmála í opna flokknum.
3	<u>Landsliðsmál – Kvennaflokkur</u> Anna Guðrún Ívarsdóttir hefur samþykkt að gefa kost á sér sem yfirmaður landsliðsmála kvenna. Anna mun óska eftir áhugasömum pörum fyrir æfingahóp en landsliðið verður valið síðar og horft verður til árangurs para við valið. Stjórnin samþykkir skipan Önnu sem yfirmanns landsliðsmála í kvennaflokki.
4	<u>Ný greiðslugátt</u> MI sagði frá því að verið væri að útfæra greiðslugátt á heimasíðunni bridge.is. Stefnt er að því að gáttin verði tilbúin fyrir helstu mót í haust og verði hægt að greiða keppnisgjöld í gegnum gáttina. DH lagði til að getraunanúmer BSÍ væri aðgengilegt á bridge.is og voru aðrir sammála þessu.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
5	<p><u>Starfið fram undan</u></p> <p>Bikarkeppnin er í fullum gangi sem og sumarbridge og fram undan eru mót á Siglufirði og á Borgarfirði Eystri.</p> <p>Flytja þarf seinni hluta deildakeppninnar aftur um eina helgi þar sem hún skaraðist á við mót á Madeira. Íslandsmót í tvímenningi verður í staðinn fellt niður enda ekki aðrar lausar helgar í boði.</p> <p>Færeyingar hafa boðist til að halda kjördæmamótið 2023. MI kannar hvernig framkvæmd yrði.</p>
6	<p><u>Rekstur sambandsins</u></p> <p>MI ræddi reksturinn stuttlega. Margt jákvætt sem hefur verið að gerast og Sambandið stendur vel þó Covid tímabilið hafi reynst Sambandinu mjög erfitt.</p>